

Mánudaginn 21. aprílmán.  
 Nr. 43 1889. Umboðsmaður Skriðuklausturs  
 og Sudurmúlasýslujarða  
 gegn  
 eigendum Víðivalla ytri og hjá-  
 leigunnar Klúku.

D ó m u r :

Sáttakæran í máli þessu, sem risið er út af ágrein-  
 ingi um landamerki milli jarðarinnar Víðvalla ytri og  
 hjáleigunnar Klúku öðru megin og þjóðjarðarinnar  
 Hrafnkelsstaða á hina hliðina, er dagsett 2. sept 1884,  
 og undirskrifuð af Jóni Einarssyni og Ólafi V. Fryden-  
 dahl, sem kalla sig eigendur Víðivalla ytri. Á sáttafund-  
 inum, sem var haldinn samdægurs, mætir sem kærandi  
 Jón Einarsson, «eigandi Víðivalla» ytri, einsamall og  
 án þess að koma þar fram sem umboðsmaður meðeig-  
 enda sinna, enda minnst sáttanefndin eigi einu orði á  
 þá. Hinn 23. sama mánaðar kom málið fyrir aukarjett  
 og mætir Jón Einarsson þá enn einn sem sækj-  
 andi án umboðs frá meðeigendum sínum. Hinn 12.  
 sept. 1885 er málið aptur tekið fyrir í aukarjetti, og  
 mætir þá enn Jón Einarsson sem sóknaraðili, en  
 dómariinn getur þess jafnframt, að hann hafi sett Jón  
 Einarsson sem umboðsmann ekkjunnar Krístrúnar Sölva-  
 dóttur, eiganda Klúku, en þessarar hjáleigu er nú fyrst  
 getið í málinu.

Af þessari skýrslu um höfðun málsins og upptök  
 þess virðist það ljóst, að lögleg sáttatilaun hefur eigi

fram farið í því, þar sem að eins einn af eigendum Víðivalla ytri og hjáleigunnar Klúku mætti sem kærandi fyrir sáttanefndinni, án þess að hann hefði umboð meðeigenda sinna til að ráða málinu til lykta með sátt. Það verður því að dæma, landamerkjadóminn ómerkan og vísa málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eiga að falla niður. Fyrir yfirdóminum hafa hinir stefndu eigi mætt nje látið mæta.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vístast málinu frá undirrjettinum. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Mánudaginn 5. maímánaðar.

Nr. 8/1890.

Rjettvísun

gegn

Jakobínu Sigríði Jakobsdóttur

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Suðurmúlasýslu, uppkveðnum 7. jan. þ. á., var hin ákærða, Jakobína Sigríður Jakobsdóttir dæmd fyrir þjófnað til að sæta 3—þriggja—daga fangelsi við vatn og brauð og var hegningin ákveðin þannig með tilvitnun til 40. gr. hegningarlaganna. Hin ákærða var og dæmd til að borga allan kostnað málsins, en eftir ósk hennar hefur dóminum verið skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hinnar ákærðu, sem er komin yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru nje refsingu fyrir neitt lagabrot, er það löglega sannað,